

FUNDARGERÐ

Árið 2019, miðvikudaginn 2. október kl. 10:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í Sölvhólsvör á 1. hæð í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Sölvhólsgötu 7 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Líf Magneudóttir (í fjarveru Birgis Björns Sigurjónssonar), Karen E. Halldórsdóttir, Friðbjörg Matthíasdóttir, Margrét Þórarinsdóttir og Stefán Vagn Stefánsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Gústav Aron Gústavssyni, Hrafnkeli Hjörleifssyni og Tinnu Dahl Christiansen sem ritaði fundargerð.

Birgir Björn Sigurjónsson boðaði forföll.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð frá 5. september 2019

Lögð var fram fundargerð frá 5. september 2019 til umfjöllunar og afgreiðslu.

Fundargerð frá 5. september 2019 var samþykkt án athugasemda og undirrituð.

2. Ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2018

Lagður var fram til kynningar endurskoðaður og undirritaður ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2018. Starfsmaður Jöfnunarsjóðs gerði grein fyrir einstökum tekjuliðum, framlögum og rekstrarkostnaði sem fram koma í rekstrarreikningi ásamt eignum og skuldum í efnahagsreikningi.

Fram kemur í ársreikningi 2018 að tekjuafgangur Jöfnunarsjóðs var 38,6 m.kr. samanborið við rekstrarhalla upp á 753,4 m.kr. árið áður. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok námu eignir alls 4.453,1 m.kr., skuldir 3.823,9 m.kr. og eigið fé 629,2 m.kr.

3. Framlög til sérstakra verkefna

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 1. október 2019, varðandi umsókn Skútustaðahrepps um framlög vegna kostnaðar við undirbúning sameiningar sveitarfélaga ásamt ítarefni um verkefnið „Nýsköpun í norðri“.

Á síðasta fundi samþykkti ráðgjafarnefnd framlag að fjárhæð 29 m.kr. vegna undirbúnings og framkvæmdar á kosningu vegna fyrirhugaðrar sameiningar Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar. Á fundinum var jafnframt tekið til umfjöllunar ósk sveitarfélaganna eftir framlagi vegna verkefnisins „Nýsköpun í norðri“ en verkefnið miðar að því að sameinað sveitarfélag verði í fararbroddi í baráttu við loftslagsbreytingar. Sótt er um framlag að fjárhæð 37,4 m.kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að veita framlag allt að fjárhæð 20 m.kr. skv. 12. gr. reglugerðar nr. 1088/2018 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Framlöggin greiðast eftir framvindu verkefnisins og áföllnum kostnaði.

4. Landshlutasamtök sveitarfélaga

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 30. september 2019, varðandi sóknaráætlun landshluta til ársins 2019, ásamt greinargerðum frá öllum landshlutasamtökum um framkvæmd þeirra verkefna sem unnið er að á árinu 2019 ásamt kostnaðaráætlunum.

Á grundvelli samþykkrar tillögu ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga frá 28. mars 2019 verða til ráðstöfunar hjá sjóðunum 38,0 m.kr. á árinu 2019 til að koma til móts við kostnað landshlutasamtakanna hvað framkvæmd þeirra samstarfsverkefna varðar sem samtökin hafa tekið að sér í kjölfar samninga við ríki þar um og verða hagsmuni allra sveitarfélaga á starfssvæði þeirra.

Eftir umfjöllun nefndarinnar var samþykkt að veita 38,0 m.kr. framlag til landshlutasamtaka sveitarfélaga.

5. Tekjujöfnunarframlög

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætlaðri úthlutun tekjujöfnunarframlaga 2019 ásamt þar að lútandi minnisblaði, dags. 1. október 2019.

Á grundvelli 12. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 960/2010 fer fram greiðsla tekjujöfnunarframlaga. Með framlögunum fer fram jöfnun á tekjum sambærilegra sveitarfélaga á grundvelli hámarkstekjumöguleika þeirra. Sambærileg sveitarfélög eru talin vera sem hér segir:

- a. Reykjavík
- b. Sveitarfélög með 12.000 íbúa og fleiri, önnur en Reykjavíkurborg
- c. Sveitarfélög með 300-11.999 íbúa
- d. Sveitarfélög með færri en 300 íbúa

Við útreikning framlaganna eru eftirfarandi þættir lagðir til grundvallar:

1. Fjöldi íbúa í hverju sveitarfélagi 1. janúar 2019, sbr. upplýsingar frá Hagstofu Íslands.
2. Hámarksálagning útsvars er 14,52%, en við útreikning framlaganna kemur til frádráttar 0,77% hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í útsvarsstofni vegna yfirfærslu grunnskólakostnaðar og 0,99% vegna yfirfærslu málefna fatlaðra. Viðmiðunarprósenta útsvars við útreikning tekjujöfnunarframlaga á árinu 2019 vegna álagningar 2018 er því 12,76%.
3. Hámarksálagning fasteignaskatts á grundvelli fasteignamats, skv. a. lið 0,625%, skv. b. lið 1,320% og skv. c. lið 1,65%.
4. Úthlutun framlags til sveitarfélaga vegna jöfnunar á tekjutapi í kjölfar breytinga á álagningarstofni fasteignaskatts að upphæð 5.000.901.000 kr.
5. Samkvæmt reglugerðinni eru tekjur sveitarfélaga af meiriháttar fasteignaskattsálagningu og framleiðslugjöldum teknar með í útreikningi á meðaltekjum viðkomandi sveitarfélaga en ekki í útreikningi á viðmiðunartekjum í viðkomandi flokki. Jafnframt skal við útreikning meðaltals skv. b-, c- og d-lið sleppa alveg einstaka sveitarfélögum þar sem tekjur eða íbúafjöldi hafa

veruleg áhrif á niðurstöðu innan viðkomandi flokks. Ef meðaltal á hvern íbúa í sveitarfélagi miðað við fullnýtingu tekjustofna er lægra en allt að 97,0% af meðaltali á hvern íbúa í öllum sveitarfélögum í viðkomandi flokki sveitarfélaga skal greiða sveitarfélagi tekjujöfnunarframlag sem nemur allt að mismuninum.

6. Tekjujöfnunarframlög til sveitarfélaga samkvæmt d-lið, með færri en 300 íbúa, taka mið af meðaltekjum sveitarfélaga samkvæmt c-lið, með 300-11.999 íbúa, enda búi a.m.k. 2/3 hlutar íbúa þar í þéttbýli.
7. Við útreikning meðaltekna í flokki sveitarfélaga með færri en 300 íbúa er meðaltekjum Skorradalshrepps sleppt þar sem tekjur sveitarfélagsins hafa veruleg áhrif á niðurstöður innan viðkomandi flokks sveitarfélaga. Við útreikning meðaltekna í flokki sveitarfélaga með fleiri en 12.000 íbúa er meðaltekjum Garðabæjar jafnframt sleppt þar sem tekjur sveitarfélagsins hafa veruleg áhrif á niðurstöður innan viðkomandi flokks sveitarfélaga. Þessar aðgerðir leiða til lækkunar meðaltekna viðmiðunarhópanna.
8. Einungis kemur til úthlutunar og greiðslu framlags hafi sveitarfélag fullnýtt heimild sína til álagningar útsvars.
9. Að teknu tilliti til ráðstöfunarfjármagns sjóðsins er lagt til að jafnað verði að 95,31% að meðaltali á hvern íbúa og áætlað tekjujöfnunarframlag nemi 1.250 m.kr.

Gert er ráð fyrir að 3/4 hlutar framlagsins komi til greiðslu í október en fjórðungur þess komi til greiðslu í árslok á grundvelli leiðréttrar skrár um álagðar skatttekjur sveitarfélaga.

Að lokinni umfjöllun samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til við ráðherra að jafnað yrði að 95,31% að meðaltali á hvern íbúa og að áætluð tekjujöfnunarframlög nemi 1.250 m.kr. á árinu 2019.

6. Útgjaldajöfnunarframlög

Lagt var fram minnisblað starfsmanns, dags. 30. september 2019, varðandi hækkun á útgjaldajöfnunarframlögum ársins 2019. Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga samþykkti á fundi sínum 28. mars 2019 tillögu að áætlun um heildarúthlutun útgjaldajöfnunarframlaga til sveitarfélaga árið 2019 sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 1088/2018. Samkvæmt áætluninni var lagt til að úthlutað væri samtals 10.000 m.kr., þar af eru 9.200 m.kr. á grundvelli A-hluta og 800 m.kr. á B-hluta. Á árinu 2018 nam heildarúthlutun útgjaldajöfnunarframlaga 10.100 m.kr.

Að lokinni umræðu samþykkti nefndin að leggja til við ráðherra að hækka útgjaldajöfnunarframlög ársins 2019 sem nemur samtals 400 m.kr. og verða þá útgjaldajöfnunarframlög í A-hluta samtals 9.600 m.kr. Samtals nema því útgjaldajöfnunarframlög eftir hækkun 10.400 m.kr. á árinu 2019.

7. Frumvarp um breytingar á tekjustofnalögum á samráðsgátt stjórnvalda

Lagt var fram til kynningar drög að frumvarpi laga um breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

YFIRFÆRSLA MÁLEFNA FATLAÐS FÓLKIS

8. Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Byggðasamlag Vestfjarða

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 27. september 2019, um aðsent erindi frá Byggðasamlagi Vestfjarða varðandi umsókn um framlag úr Fasteignasjóði. Með erindinu barst sundurliðuð kostnaðargreining og afrit af kaupsamningi fasteignar.

Sótt er um framlag vegna breytinga á húsnæði sem Bolungarvíkurkaupstaður hefur fest kaup á til búsetu utan heimilis fyrir þjónustupega. Þjónustupegi er barn að aldri, mjög alvarlega fjölfatlaður og langveikur. Viðkomandi þarf mjög mikla sérhæfða þjónustu og umönnun og þarf að nota mörg hjálpartæki. Þjónustuþörf þjónustupega hefur aukist mjög síðustu ár og ekki er mögulegt að mæta aukinni þjónustuþörf með breytingum á húsnæði foreldra. Húsið sem um ræðir er með tengibyggingu við Berg sem er hjúkrunarheimili í Bolungarvík, þar sem vaktir eru mannaðar hjúkrunarfræðingum, sjúkraliðum og faglærðu starfsfólki sem getur gripið inn í ef eitthvað kemur upp á. Mikil og góð samvinna er við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða í þessu máli og er verkefnið einstakt skv. erindi Byggðasamlagsins þar sem þjónusta sem þessi er ekki annars staðar á landinu. Verið er að horfa á samþættingu heilbrigðis og félagsþjónustu með þarfir barnsins að leiðarljósi. Áætlaður kostnaður vegna breytinga nemur um 49,8 m.kr.

Að lokinni umræðu ákvað ráðgjafarnefndin að leggja til við ráðherra að taka beiðni sveitarfélagsins um kostnaðarþátttöku sjóðsins í framkvæmdinni til greina. Sökum sérstakra aðstæðna og vegna þess að þjónustupegi er barn (og greiðir þ.a.l. ekki húsaleigu) nemur kostnaðarþátttaka sjóðsins 50% af áætluðum heildarframkvæmdakostnaði að fjárhæð 49.792.000 kr. eða allt að 24.896.000 kr., skv. e-lið 2. gr. reglugerðar 460/2018 um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Framlöggin greiðast eftir framvindu verkefnisins og áföllnum kostnaði. Einn nefndarmaður sat hjá við atkvæðagreiðslu.

Mosfellsbær

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 27. september 2019, um aðsent erindi frá Mosfellsbæ varðandi umsókn um framlag úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Með erindinu barst sundurliðuð kostnaðaráætlun.

Sótt er um framlag vegna breytinga á áfangenheimili fyrir geðfatlaða vegna tveggja einstaklinga með lögheimili í Mosfellsbæ sem þurfa sérhæfða þjónustu eftir útskrift frá geðdeild. Húsnæðið er í eigu bæjarins. Kostnaðaráætlun vegna breytinga hljóðaði upp á 8.772.000 kr. og er raunkostnaður samtals 8.393.684 kr. Sótt er um framlag til samræmis við e-lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar um starfsemi Fasteignasjóðs sveitarfélaga nr. 460/2018 til að mæta þeim kostnaði sem sveitarfélagið hefur tekið á sig til að aðlaga húsnæðið að þörfum þeirra íbúa sem þar búa.

Nefndin ákvað að leggja til við ráðherra að taka beiðni sveitarfélagsins um kostnaðarþátttöku sjóðsins til greina. Kostnaðarþátttaka sjóðsins nemur 25% af raunkostnaði að fjárhæð 8.393.684 kr. eða 2.098.421 kr., skv. e-lið 2. gr. reglugerðar 460/2018 um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Framlöggin greiðast eftir framvindu verkefnisins og áföllnum kostnaði.

9. Samtök stjórnenda í velferðarþjónustu

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Samtökum stjórnenda í velferðarþjónustu sveitarfélaga, dags. 30. september 2019, þar sem sótt er um styrk vegna haustfundar Samtakanna 24. og 25. október nk. í Reykjavík. Sótt er um framlag til að mæta kostnaði við leigu á sal og veitingum.

Samþykkt var að veita samtökunum styrk vegna haustfundar allt að 250.000 kr.

10. Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Farið var yfir fyrirkomulag og dagskrá ársfundar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sem fram fer síðar um daginn.

11. Önnur mál

Næsti fundur nefndarinnar verður haldinn 23. október kl. 10:00 og þarnæsti fundur verður haldinn 29. nóvember kl. 12:15.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 12:00.

Guðný Sverrisdóttir

Ásta Stefánsdóttir

Líf Magneudóttir

Friðbjörg Matthíasdóttir

Karen E. Halldórsdóttir

Margrét Þórarinsdóttir

Stefán Vagn Stefánsson